

Arðgreiðslustefna Landsvirkjunar

1. Inngangur

Í lögum um Landsvirkjun segir að arðgreiðslur fyrirtækisins skuli ákveðnar með hliðsjón af afkomu fyrirtækisins og yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum. Almenn eigendastefna ríkisins leggur áherslu á að félög í eigu ríkisins horfi til langtímasjónarmiða um uppbyggingu og rekstur og tryggi fullnægjandi viðhald tekjumyndandi eigna. Eigendastefnan leggur einnig áherslu á að félög í eigu ríkisins skili ásættanlegri afkomu og að þau greiði ríkissjóði eðlilegan arð af því eigin fé sem bundið er í félögunum.

Arðgreiðslustefna gerir væntar arðgreiðslur Landsvirkjunar og áhrif þeirra á fjárhagslegan styrk fyrirtækisins fyrirsjáanlegar. Arðgreiðslustefnan er því mikilvæg í samskiptum við annars vegar eiganda fyrirtækisins og hins vegar lánveitendur og matsfyrirtæki vegna fjármögnunar þess.

Stjórn Landsvirkjunar hefur arðgreiðslustefnuna til hliðsjónar þegar hún gerir tillögu til aðalfundar fyrirtækisins um arðgreiðslu.

Arðgreiðslustefna Landsvirkjunar er sett af stjórn fyrirtækisins að fenginni tillögu frá forstjóra fyrirtækisins.

2. Gildissvið

Arðgreiðslustefna þessi gildir um tillögur stjórnar Landsvirkjunar um arðgreiðslur fyrirtækisins, sbr. lög um Landsvirkjun nr. 42/1983, ásamt síðari breytingum.

3. Stefna um arðgreiðslur

Ákvörðun um arðgreiðslu Landsvirkjunar er tekin á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn er í apríl ár hvert, sbr. 7. gr. laga um Landsvirkjun. Arðgreiðslustefna þessi segir til um hver árleg upphæð arðgreiðslu skuli að hámarki vera. Hámarksviðmiðið er ákvarðað með hliðsjón af handbæru fé fyrirtækisins frá rekstri nýliðins rekstrarárs og umfangi fjárfestinga á nýliðnu rekstrarári auk þess sem tekið skal tillit til skuldastöðu fyrirtækisins í lok sama rekstrarárs. Í þessu samhengi er miðað við ársuppgjör samstæðu Landsvirkjunar. Hámarksviðmiðið er fengið á eftirfarandi hátt:

$$\text{Hámarksviðmið arðgreiðslu} = (\text{Handbært fé frá rekstri}_{\text{nýliðið rekstrarár}} - \text{Fjárfestingar}_{\text{nýliðið rekstrarár}} \times k) \times H$$

Þar sem gildi k og H eru ákvörðuð á eftirfarandi hátt:

$\frac{\text{Veltufé frá rekstri}_{\text{nýliðið rekstrarár}}}{\text{Nettó skuldir}_{\text{lok nýliðins rekstrarárs}}}$	k	H
<10%	100%	10%
10-15%	80%	20%
15-20%	60%	30%
20-30%	40%	60%
>30%	20%	80%

Arðgreiðslustefna Landsvirkjunar

4. Innleiðing, mælikvarðar og upplýsingagjöf

4.1. Innleiðing

Stjórn Landsvirkjunar gerir tillögu um arðgreiðslu á aðalfundi fyrirtækisins og skal fjárhæð hennar ekki vera hærri en sú fjárhæð sem fæst með því hámarksviðmiði sem lýst er í kafla 3 að ofan.

4.2. Upplýsingagjöf

Arðgreiðslustefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu fyrirtækisins.

5. Endurskoðun

Stjórn Landsvirkjunar skal yfirfara arðgreiðslustefnu þessa eigi sjaldnar en þriðja hvert ár.

6. Gildistaka

Stefna þessi gildir frá og með staðfestingu stjórnar.

20. apríl 2020

Stjórn Landsvirkjunar